

Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs. Þau eiga við um foreldra sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi.

Lög þessi taka einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir við báða foreldra.

Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

II. KAFLI

Stjórnýsla.

3. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra fer með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Fæðingarorlofssjóður.

Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi skv. 13. gr. Fæðingarstyrkir til foreldra skv. VI. kafla greiðast úr ríkissjóði.

Fæðingarorlofssjóður skal vera í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði ráðherra. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Ráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal sjóðurinn árlega gera fjárhagsáætlun sem ráðherra leggur fyrir [þann ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins við undirbúning fjárlaga.

Reikningar Fæðingarorlofssjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun ~~og birtir á hvert í Lögbirtingablaðinu.~~

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Málskot.

Úrskurðarnefnd velferðarmála skal kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga þessara.

Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfir.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.

Vinnumálastofnun skal láta úrskurðarnefnd velferðarmála í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem nefndin telur þörf á að afla frá stofnuninni.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 6. mgr. ~~15. gr. b. og 15. gr. a laganna~~

III. KAFLI

Orðskýringar.

7. gr.

Fæðingar- og foreldraorlof samkvæmt lögum þessum er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við:

- fæðingu,
- frumættleiðingu barns yngra en átta ára eða
- töku barns yngra en átta ára í varanlegt fóstur.

Starfsmaður er í lögum þessum hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði. Þó á hugtakið starfsmaður í VII. kafla við um alla sem vinna launuð störf í annarra þjónustu.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur er sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattfyrivalda, skil á tryggingagjaldi.

Fullt nám samkvæmt lögum þessum er 75–100% samfelld nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

Í lögum þessum telst kona nýlega hafa alið barn þegar barnið er 14 vikna eða yngra.

IV. KAFLI

Fæðingarorlof.

8. gr.

Réttur foreldra á vinnumarkaði.

Foreldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að ~~þjáfimm~~ mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á ~~þremur~~veimur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. Þó er foreldri heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Réttur til fæðingarorlofs vegna fæðingar fellur niður er barnið nær 24 mánaða aldri.

Móðir skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að ~~nú~~ mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tæknifrjóvgun eða einhleyppt foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

Við ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma

áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur fæðingarorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái stætt ættleitt. Réttur til fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs er að foreldri fari sjálft með forsjá barnsins eða fari sameiginlega með forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs, sbr. þó 7. mgr. Réttur foreldris til fæðingarorlofs er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þegar þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 7. mgr.

Þrátt fyrir 6. mgr. getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns síns nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof forsjárlausa foreldrisins stendur yfir. Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarorlofs sem stofnast hefur til skv. 1. mgr., sbr. einnig 2. og 5. mgr., og hinn látni hefur ekki þegar nýtt yfir til eftirlifandi foreldris. Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarorlofs sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Á þetta við hvort sem hið látna foreldri hefur farið með forsjá barnsins, hefur farið sameiginlega með forsjá barnsins með eftirlifandi foreldrinu eða hefur ekki farið með forsjá barnsins fyrir andlátinu. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við 24 mánuði eftir að barn kom inn á heimilið. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnuálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Tilkynning um fæðingarorlof.

Þegar starfsmaður hyggst nýta sér rétt til fæðingarorlofs skal hann tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi átta vikum fyrir fyrirhugaðan fæðingardag barns. Vilji foreldri breyta áður tilkynntum upphafsdegi fæðingarorlofs, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna það vinnuveitanda þremur vikum fyrir hinn nýja fyrirhugaða upphafsdeg fæðingarorlofs.

Tilkynning um töku fæðingarorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Þá skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar. Vinnuveitandi getur krafist sönnunar á að foreldri fari með forsjá barnsins eða að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof forsjárlausa foreldrisins stendur yfir, sbr. 6. og 7. mgr. 8. gr. telji hann þess þörf.

10. gr.

Tilhögun fæðingarorlofs.

Starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi.

Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en tvær vikur í senn. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs samkvæmt þessu ákvæði.

Óski starfsmaður eftir að haga fæðingarorlofi skv. 2. mgr. en vinnuveitandi getur ekki fallist á óskir hans skal vinnuveitandi að höfðu samráði við starfsmann leggja til aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 9. gr. Skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar fyrir breyttri tilhögun.

Ef samkomulag næst ekki milli starfsmanns og vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs starfsmanns á starfsmaður ávallt rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi frá þeim upphafsdegi sem starfsmaður ákveður.

11. gr.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal fara eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

Þær breytingar, sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma konu, sbr. 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum samkvæmt ákvæði þessu á hún rétt á greiðslum, sbr. 13. gr.

12. gr.

Réttur til fæðingarorlofs vegna andvanafæðingar og fósturláts.

Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að þrjá mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að tvo mánuði frá þeim degi er fósturlátið á sér stað.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

13. gr.

Réttur foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofsjóði.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfelld í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur, sbr. 2. og 5. mgr. 8. gr. [og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum](#). Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr., skal þó miða við þann dag er foreldrið hefur fæðingarorlof að því er það foreldri varðar.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns, sbr. 2. mgr. 7. gr., í fæðingarorlofi skal nema [100% af meðaltali heildarlauna að fjárhæð 300.000 kr. og 80% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna sem er umfram 300.000 kr. í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs viðkomandi starfsmanns þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 9. mgr. sem og 10. gr. 80% af meðaltali heildarlauna](#) og skal miða við tólf mánaða samfelld tímabil sem lýkur sex [almanaks](#)mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns eða þann [almanaks](#)mánuð sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, sjúkra- og slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarféлага, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a–liði 2. mgr. 13. gr. a. Þegar um er að ræða 100% greiðslur á viðmiðunartímabili úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem foreldri átti rétt á skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum skv. 3. másl. hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða ólaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi á því viðmiðunartímabili sem um ræðir. Sama á við hafi foreldri kosið að dreifa greiðslum skv. 3. másl. hlutfallslega á lengri tíma enda þótt foreldri hafi ekki verið í ráðningarsambandi á sama tíma. Skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunartekjum sem miða skal við samkvæmt framangreindu enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli greiðslna skv. 3. másl. og meðaltals heildarlauna bættan samhliða greiðslunum. Þegar greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa koma til á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá [almanaks](#)mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a. án tillits til þess hvort laun skv. 2. másl. eða reiknað endurgjald skv. 5. mgr. hafi komið til. Aldrei skal þó miða við færri [almanaks](#)mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en ~~370600~~ 300.000 kr.

Þegar starfsmaður uppfyllir skilyrði 1. mgr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. mgr. skal hann öðlast rétt til lágmarksgreiðslna skv. 7. mgr. í samræmi við starfshlutfall hans.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. 3. mgr. 7. gr., skal nema [100% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af að fjárhæð 300.000 kr. og 80% af þeirri fjárhæð meðaltals reiknaðs endurgjalds sem er umfram 300.000 kr. 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris þann almanaksmánuð](#)

eða hluta úr almanaksmánuði sem geitt er fyrir, sbr. 9. mgr. sem og 10. gr. og skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–4. mgr. eins og við getur átt.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris sem er bæði starfsmaður og sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 2. og 3. mgr. 7. gr., skal nema 100% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af að fjárhæð 300.000 kr. og 80% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem er umfram 300.000 kr. í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 9. mgr. sem og 10. gr. 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af Starfi viðkomandi foreldri sem starfsmaður skv. 2. mgr. 7. gr. í 50% eða hærra starfshlutfalli skal miða við viðmiðunartímabil skv. 2. mgr. Að öðrum kosti skal miða við viðmiðunartímabil skv. 5. mgr. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–5. mgr. eins og við getur átt.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris sem hefur verið í 25–49% starfi að meðaltali í hverjum almanaksmánuði á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal aldrei vera lægri en sem nemur 110.490 kr. á mánuði í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 9. mgr. sem og 10. gr. Greiðsla til foreldris sem hefur verið í 50–100% starfi að meðaltali í hverjum almanaksmánuði á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal aldrei vera lægri en sem nemur 153.131 kr. á mánuði í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 9. mgr. sem og 10. gr.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25–49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 97.786 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 135.525 kr. á mánuði.

Fjárhæð hámarksgreiðslu skv. 3. mgr. og lágmarksgreiðslu skv. 7. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð hámarks- eða lágmarksgreiðslna skal ráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur í fæðingarorlofi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði, fyrsta virkan dag hvers almanaksmánaðarmánuð eða hluta úr mánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Réttur foreldris, sem er starfsmaður eða sjálfstætt starfandi, sbr. 2. eða 3. mgr. 7. gr., til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. og leggi niður launuð störf á því tímabili sem það nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem mynda stofn til tryggingagjalds samkvæmt lögum um tryggingagjald og eru hærri en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 9. mgr. og meðaltals heildarlauna á viðmiðunartímabili skv. 2., 5. og 6. mgr. í réttu hlutfalli við tilhögun fæðingarorlofs foreldris í þeim almanaksmánuði eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 9. mgr. sem og 10. gr., skulu koma til frádráttar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Tekjur foreldris sem er í fæðingarorlofi samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sbr. 2. mgr. 10. gr., sem eru í samræmi við meðaltal heildarlauna á viðmiðunartímabili skv. 2., 5. og 6. mgr. skulu ekki hafa áhrif á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði fyrir sama tímabil. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris skv. 2. eða 5. mgr. skulu koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi í hverjum almanaksmánuði koma til frádráttar

greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Er þá átt við tímabil sem hefst frá og með fyrsta degi fæðingarorlofs foreldris innan tiltekins almanaksánaðar og lýkur frá og með þeim degi sem foreldrið nýtir ekki lengur rétt sinn til fæðingarorlofs innan tiltekins almanaksánaðar. Gildir hið sama hvort sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs að fullu eða samhliða minnkuðu starfshlutfalli á fyrrnefndu tímabili. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launahækkana sem rekja má til breytinga á störfum foreldris frá því að viðmiðunartímabili skv. 2., 5. eða 6. mgr. lýkur og fram að fyrsta degi fæðingarorlofs foreldris. Taka skal tillit til breytinga á framangreindu tímabili á sama hátt og gert er við útreikninga á meðaltali heildarlauna foreldris skv. 2., 5. eða 6. mgr. launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris. Foreldri skal sýna fram á með skriflegum gögnum á hvaða grundvelli umræddar launabreytingar skv. 6. másl. byggjast og er Vinnumálastofnun heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi. Hafi foreldri fengið óvenju háar greiðslur frá vinnuveitanda fyrir eða eftir fæðingarorlof eða meðan á fæðingarorlofi stendur miðað við tekjur á viðmiðunartímabili skv. 2., 5. eða 6. mgr. þannig að ætla megi að þær hafi að hluta eða öllu leyti verið ætlaðar fyrir sama tímabil og það tímabil sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs skal Vinnumálastofnun óska eftir að viðkomandi foreldri sýni fram á með skriflegum gögnum fyrir hvaða tímabil umræddar greiðslur hafi verið ætlaðar. Hið sama gildir um óvenju háar greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris á tímabili þar sem foreldri hefur minnkað starfshlutfall sitt samhliða nýtingu réttar til fæðingarorlofs. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði skv. 1. mgr. 1. gr. sem á rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. en uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. á rétt á fæðingarstyrk skv. 18. gr., sbr. þó 12. mgr. 19. gr. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun fjárhæðar fæðingarstyrks og meðaltals heildarlauna foreldris skulu koma til frádráttar styrknum. Við útreikning á meðaltali heildarlauna samkvæmt þessari málsgrein skal miða við tvo almanaksmánuði fyrir fæðingarmánuð barns eða þann almanaksmánuð þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Að öðru leyti gildir ákvæði 10. mgr. eftir því sem við getur átt.

Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila þess sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Hafi foreldri hins vegar starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta hvort viðkomandi foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldris sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í öðru Norðurlandarríki, í öðru EFTA-ríki eða í Færeyjum. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um

áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 15. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklinga, rétt þeirra sem gegna störfum á innlendum vinnumarkaði sem eru undanskilin greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt, rétt þeirra sem hafa starfað í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins, aðildarríkjum að Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og hvaða greiðslna frá vinnuveitendum heimilt sé að taka tillit til við útreikninga skv. 10. mgr.

13. gr. a.

Þátttaka á vinnumarkaði.

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi IV. kafla felur í sér að starfa sem starfsmaður, sbr. 2. mgr. 7. gr., eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 3. mgr. 7. gr. Fullt starf starfsmanns miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf. Fullt starf sjálfstætt starfandi einstaklings miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein.

Til þátttöku á innlendum vinnumarkaði telst enn fremur:

- orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti,
- sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
- sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og lögum um slysatryggingar almannatrygginga, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launum störfum af heilsufarsástæðum,
- sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slysa,
- sá tími er foreldri fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.

Vinnuálagastofnun metur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði það skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr.

Sjúkratryggingastofnunin metur á grundvelli laga um sjúkratryggingar og laga um slysatryggingar almannatrygginga hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði það sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr.

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldri hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. III. kafla laganna hefði það sótt um slíkar greiðslur fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. e-lið 2. mgr.

14. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 8%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu jafnframt gilda um leyfi sem veitt er þungaðri konu skv. 11. gr.

15. gr.

Umsókn til Vinnumálastofnunar.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal sækja um greiðslu í fæðingarorlofi til Vinnumálastofnunar sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Vilji foreldri hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs.

Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði og skal fylgja henni afrit af tilkynningum um fæðingarorlof skv. 9. gr. sem foreldrar hafa fengið samþykktar hjá vinnuveitendum sínum þar sem fram kemur fyrirhugaður upphafsdagur, lengd og tilhögun fæðingarorlofs hvors foreldris fyrir sig. Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal það tekið fram í umsókninni og tilgreint um fyrirhugaðan upphafsdag, lengd og tilhögun fæðingarorlofs. Umsóknin skal undirrituð af foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins. Skal forsjárlaust foreldri undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 7. mgr. 8. gr. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé utan vinnumarkaðar eða í námi, sbr. 2. mgr. 1. gr., en skal þess getið í umsókn sé jafnframt sótt um fæðingarstyrk fyrir það foreldri skv. VI. kafla.

Útreikningur á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skal byggjast á upplýsingum sem Vinnumálastofnun aflar um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattýfirvalda. Vinnumálastofnun skal leita staðfestingar hjá skattýfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattýfirvalda vegna viðmiðunartímabíla skv. 2., 5. og 6. mgr. 13. gr. Samþykki umsækjanda þarf fyrir öflun gagnanna.

Skattýfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma er það tilkynnti Vinnumálastofnun um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna ber foreldri að tilkynna Vinnumálastofnun skriflega um breytinguna á þar til gerðu eyðublaði enda er greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði atlað að bæta í heild eða að hluta þann tekjumissi sem foreldri verður fyrir þegar það leggur niður launuð störf í fæðingarorlofi. Vinnuveitandi foreldris skal staðfesta samþykki sitt um breytingu á tilhögun fæðingarorlofs foreldris með undirritun sinni.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

15. gr. a.

Eftirlit.

Vinnumálastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar með talið hvort foreldri hafi fengið hærra greiðslur í fæðingarorlofi á grundvelli laganna en því bar samkvæmt ákvæðum laganna.

Skattýfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Vinnumálastofnunar með framkvæmd laga þessara enda hafi viðkomandi foreldri verið upplýst um slíka ráðstöfun.

Vinnumálastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd eftirlits skv. 1. mgr.

Að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara, meðal annars til að tryggja að foreldrar fái ekki hærri greiðslur í fæðingarorlofi en þeim ber samkvæmt ákvæðum laganna, er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 3. mgr., að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar við upplýsingar frá skattfyrvöldum um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá fyrir það tímabil sem foreldri nýtti rétt sinn til fæðingarorlofs. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar séu sendar á milli stofnana umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Komi fram við eftirlit með lögum þessum að ætla megi að foreldri hafi fengið hærri greiðslur í fæðingarorlofi á grundvelli laganna en því bar samkvæmt ákvæðum laganna skal Vinnumálastofnun óska eftir að viðkomandi foreldri sýni fram á með skriflegum gögnum að svo hafi ekki verið. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlits Vinnumálastofnunar samkvæmt ákvæði þessu.

Áformáðar breytingar færðar í gildandi lög - skjal til skýringar

15. gr. b.

Leiðrétting á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi breytingar orðið á tekjuskattálagningu foreldris vegna tekna sem greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru byggðar á, sbr. 3. mgr. 15. gr., skal Vinnumálastofnun leiðrétta greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til samræmis við álagningu skattýfirvalda.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt ákvæðum laga þessara miðað við álagningu skattýfirvalda eða af öðrum ástæðum ber foreldri að endurgreiða Fæðingarorlofssjóði þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi óháð ásetningi eða gáleysi foreldris. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein sýni foreldri fram á með skriflegum gögnum færi foreldri rök fyrir því að því verði eigi kemt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á mótí inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsroð.

Um innheimtu ofgreidds fjár úr Fæðingarorlofssjóði fer skv. 114. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Hafi foreldri fengið lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattýfirvalda ber Vinnumálastofnun að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til foreldris ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála leiðir til þess að foreldri hafi átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði en hafi áður verið synjað um greiðslur eða reiknaðar lægri greiðslur. Þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falla vextir niður.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar.

15. gr. c.

Endurmat á rétti til fæðingarorlofs.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt ákvæðum laga þessara miðað við álagningu skattýfirvalda eða af öðrum ástæðum og endurgreiði því Fæðingarorlofssjóði þá fjárhæð sem ofgreidd var ber Vinnumálastofnun að endurmeta hvort viðkomandi foreldri hafi fullnýtt rétt sinn til fæðingarorlofs eða ekki og upplýsa foreldrið um niðurstöðu endurmatsins.

15. gr. b.

Eftirlit.

Vinnumálastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd laganna. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag í reglugerð.

Skattýfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirliti með framkvæmd laganna enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það.

Ráðherra setur nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlitsins.

V. KAFLI
Undanþágutilvik.

16. gr.

Comment [BG2]: Breytt með lögum nr. 18/2006.

Fjölburaafæðingar.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi [eða fæðist andvana eftir 22 vikna meðgöngu](#).

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

Áformaðar breytingar færðar í gildandi lög - skjal til skýringa

17. gr.

Veikindi barns eða móður.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um allt að sjö mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarlega fötlun sem krefst nánari umönnunar foreldris. Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

.....
Heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu enda hafi hún í fæðingarorlofi sínu verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis.

Sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum sem tengjast meðgöngunni að mati sérfræðilæknis að leggja niður launuð störf eða hætta þátttöku á vinnumarkaði skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. a meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns að mati sérfræðilæknis skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Með heilsufarsástæðum sem tengjast meðgöngunni er átt við sjúkdóma sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, sjúkdóma, tímabundna eða langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni sem og fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar samkvæmt þessu ákvæði niður frá þeim tíma. Ráðherra skal setja í reglugerð nánari skilyrði um framkvæmd þessa ákvæðis.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi skv. 1.–4. mgr. með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg samkvæmt ákvæði þessu. Synjun Vinnumálastofnunar um lengingu fæðingarorlofs er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 5. gr.

Umsókn um lengingu fæðingarorlofs skv. 4. mgr. skal fylgja staðfesting vinnuveitanda og/eða Vinnumálastofnunar eftir því sem við á. Í þeirri staðfestingu skal koma fram hvenær greiðslur féllu niður.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

VI. KAFLI

Foreldrar utan vinnumarkaðar, í minna en 25% starfi eða í fullu námi-og í námi.

18. gr.

Fæðingarstyrkur til foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi.

Foreldrar utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjúfimm mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða tóku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjátvo mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar barns stofnast við fæðingardag barns og fellur niður er barnið nær 24 mánaða aldri.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri sem er utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að núttólf mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tæknifjörgun eða einhleypst foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

Fæðingarstyrkur til foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi skal vera 66.819~~skul vera 59.137~~ kr. á mánuði. Foreldri skal eiga lögheimili hér á landi við fæðingu

barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Foreldrar sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða í fyrsta skipti samkvæmt lögum nr. 80/2016, um útlendinga, geta átt rétt á fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir að þeir hafi ekki átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur enda sé skemmri tími en 12 mánuðir liðinn frá veitingu fyrirnefnds dvalarleyfis og önnur skilyrði laganna uppfyllt.

Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal Vinnuálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur skv. 23. gr.

Fjárhæð fæðingarstyrks kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta styrkfjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launabróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð fæðingarstyrks skal ráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáið ættleitt. Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks er að foreldri fari sjálf með forsjá barnsins eða fari sameiginlega með forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks til foreldrisins stendur yfir, sbr. þó 8. mgr. Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálf með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst, sbr. þó 8. mgr.

Þrátt fyrir 7. mgr. getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns síns nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks til forsjárlausa foreldrisins stendur yfir. Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta hans, fyrsta virka dag hvers almanaksmánaðarmánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Ef annað foreldrið notar hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færirst sá réttur til fæðingarstyrks sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. og hinn látni hefur ekki þegar nýtt yfir til eftirlifandi foreldris. Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færirst sá réttur til fæðingarstyrks sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Á þetta við hvort sem hið látna foreldri hefur farið með forsjá barnsins, hefur farið sameiginlega með forsjá barnsins með eftirlifandi foreldrinu eða hefur ekki farið með forsjá barnsins fyrir andlátinu. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 6. mgr. um brottfall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu ~~1824~~ mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu ~~1824~~ mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnuálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni aflána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

19. gr.

Fæðingarstyrkur til foreldra í fullu námi.

Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að ~~þrífimmá~~ mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í ~~þrjátvo~~ mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Foreldri skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að það hafi verið skráð í fullt nám og hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma. Heimilt er að taka tillit til ástundunar náms í stað námsárangurs á þeirri skólaönn sem barn fæðist. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar barns stofnast við fæðingardag barns og fellur niður er barnið nær 24 mánaða aldri.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri sem hefur verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að ~~þrjátvólf~~ mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tæknifrjóvgun eða einhleyppt foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

Fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi skal vera ~~435.525-153.131~~ kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna

náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfelld í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Hið sama gildir þegar foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið og stundar fjarnám við íslenskan skóla á þeim tíma enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfelld í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og fullnægir öðrum skilyrðum um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi. Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetulandinu kemur hún til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 56. mgr. 33. gr. [Foreldrar sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða á grundvelli mannúaðarsjónarmiða í fyrsta skipti samkvæmt lögum nr. 80/2016, um útlendinga, geta átt rétt á fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir að þeir hafi ekki átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur enda sé skemmri tími en 12 mánuðir liðinn frá veitingu fyrirnefnds dvalarleyfis og önnur skilyrði laganna uppfyllt.](#)

Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur skv. 23. gr.

Fjárhæð fæðingarstyrks kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta styrkfjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð fæðingarstyrks skal ráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái stætt. Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

[Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks er að foreldri fari sjálf með forsjá barnsins eða fari sameiginlega forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks til foreldrisins stendur yfir, sbr. þó 8. mgr. Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálf með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst, sbr. þó 8. mgr.](#)

[Þrátt fyrir 7. mgr. getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns síns nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks til forsjárlausa foreldrisins stendur yfir. Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.](#)

Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta hans, fyrsta virka dag hvers almanaksmánaðar mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Ef annað foreldrið tekur hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þrátt fyrir að skilyrði um fullt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur sé ekki uppfyllt hafi foreldri verið samfellt í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst.

Enn fremur er heimilt að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þegar foreldri hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. og hefur síðan verið samfellt á innlendum vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

Heimilt er að greiða móður fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þó að hún uppfylli ekki skilyrði um að hafa staðist kröfur um námsframvindu og/eða ástundun enda hafi hún ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna sem tengdust meðgöngunni, sbr. 4. mgr. 17. gr. Móðir skal leggja fram vottorð sérfræðilæknis sem annast hefur hana á meðgöngu því til staðfestingar ásamt staðfestingu frá skóla um að hún hafi verið skráð í fullt nám. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarstyrks sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. og hinn látni hefur ekki þegar nýtt yfir til eftirlifandi foreldris. Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarstyrks sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Á þetta við hvort sem hið látna foreldri hefur farið með forsjá barnsins, hefur farið sameiginlega með forsjá barnsins með eftirlifandi foreldrinu eða hefur ekki farið með forsjá barnsins fyrir andlátinu. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 6. mgr. um brottfall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu ~~1824~~ mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu ~~1824~~ mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið mun afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

20. gr.

Réttur til greiðslu fæðingarstyrks vegna andvanafæðingar og fósturláts.

Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði hvort um sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði sig frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga

Comment [BG3]: Breytt með lögum nr. 18/2016.

foreldrar sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í allt að tvo mánuði frá þeim degi er fósturlátið á sér stað.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 12. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

21. gr.

Fjölburaafæðingar.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi [eða fæðist andvana eftir 22 vikna meðgöngu](#).

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 16. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

Comment [BG4]: Breytt með lögum nr. 18/2016.

Áformaðar breytingar færðar í gildandi lög - skjal til skýringar

22. gr.

Veikindi barns eða móður.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um allt að sjö mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarlega fötlun sem krefst nánari umönnunar foreldris. Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarstyrk með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarstyrks sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

Heimilt er að framlengja rétt til fæðingarstyrks til móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu enda hafi hún þann tíma sem fæðingarstyrkur var greiddur verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis.

Rökstyðja skal þörf fyrir framlengingu á rétti til fæðingarstyrks skv. 1.–3. mgr. með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg samkvæmt ákvæði þessu. Synjun Vinnumálastofnunar um lengingu á rétti til fæðingarstyrks er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 5. gr.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 17. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. stýttist greiðslutímabil fæðingarstyrks skv. 1.–3. mgr. sem því nemur.

23. gr.

Umsókn til Vinnumálastofnunar.

Foreldri, sbr. 2. mgr. 1. gr., skal sækja um fæðingarstyrk til Vinnumálastofnunar þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns, sbr. þó 15. gr.

Umsóknin skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag greiðslu fæðingarstyrks til foreldris og lengd greiðslutímabils. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu á sameiginlegum rétti til fæðingarstyrks milli foreldra barns. Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé á vinnumarkaði, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um tilhögun á afgreiðslu Vinnumálastofnunar.

VII. KAFLI

Foreldraorlof.

24. gr.

Réttur foreldra til töku foreldraorlofs.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal eiga rétt á foreldraorlofi í fjóra mánuði til að annast barn sitt.

Réttur til foreldraorlofs stofnast við fæðingu barns. Við ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldri þarf að sækja barnið til annarra landa getur foreldraorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái stætt.

Réttur til foreldraorlofs fellur niður er barnið nær átta ára aldri. Hafi réttur til foreldraorlofs fallið niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, en áður en það verður fullra átján ára.

Hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til foreldraorlofs sem er ekki framseljanlegur.

Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.

25. gr.

Skipulag foreldraorlofs.

Foreldri skal eiga rétt á að taka foreldraorlof í einu lagi.

Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga foreldraorlofi með öðrum hætti, t.d. þannig að orlofið skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs.

Starfsmanni er óheimilt nema með sérstöku samþykki vinnuveitanda að taka lengra foreldraorlof en fjóra mánuði á hverju 12 mánaða tímabili.

26. gr.

Tilkynning um foreldraorlof.

Starfsmaður öðlast rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfelld í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Á það við hvort sem starfsmaðurinn hefur verið ráðinn tímabundið eða ótímabundið.

Starfsmaður sem hyggst nýta sér rétt til foreldraorlofs skal tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi sex vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag orlofs. Tilkynning um töku foreldraorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar.

Vinnuveitandi skal skrá töku foreldraorlofs þannig að starfsmaður geti fengið vottorð um fjölda tekinnna foreldraorlofsdaga óski hann þess.

27. gr.

Frestun eða aðrar breytingar á tilhögun foreldraorlofs.

Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs skal hann að höfðu samráði við starfsmann tilkynna um aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 26. gr. Skal það gert skriflega, ástæður tilgreindar og ef um frestun er að ræða skal tekið fram hve lengi frestunin varir.

Frestun er eingöngu heimil þegar fyrir hendi eru sérstakar aðstæður í rekstri fyrirtækis/stofnunar sem gera slíkt nauðsynlegt. Svo er t.d. ef um er að ræða árstíðabundin störf, ef ekki tekst að finna hæfan staðgengil, ef umtalsverður hluti starfsmanna sækir um foreldraorlof á sama tíma eða viðkomandi starfsmaður gegnir lykilhlutverki í æðstu stjórn fyrirtækis eða stofnunar.

Vinnuveitanda er aldrei heimilt að fresta foreldraorlofi lengur en í sex mánuði frá þeim tíma sem foreldraorlof átti að hefjast samkvæmt óskum starfsmanns nema með samþykki hans.

Óheimilt er að fresta foreldraorlofi sem er í beinu framhaldi af fæðingarorlofi eða ef barn veiktist svo að nærvera foreldris er nauðsynleg. Einnig er frestun óheimil hafi vinnuveitandi fallist á orlofstökuna eða liðinn er frestur skv. 1. mgr. án svars frá vinnuveitanda.

Verði ákvörðun vinnuveitanda um frestun foreldraorlofs til þess að starfsmaður nær ekki að ljúka foreldraorlofi áður en barn hans nær átta ára aldri framlengist sá tími sem heimilt er að taka foreldraorlof á til þess dags er barn nær níu ára aldri.

28. gr.

Vernd uppsafnaðra réttinda.

Þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs skulu haldast óbreytt til loka orlofsins. Við lok orlofsins skulu þessi réttindi gilda, sem og breytingar sem kunna að hafa orðið á grundvelli laga eða kjarasamninga.

VIII. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

29. gr.

Réttur til starfs.

Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi.

Starfsmaður skal eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

30. gr.

Vernd gegn uppsögnum.

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 9. eða 26. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skál þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungaðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn.

31. gr.

Skaðabótaskylda.

Brjótí vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

31. gr. a.

Sektir.

Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

32. gr.

Brottfall réttinda foreldra.

Réttur foreldra, sbr. 1. mgr. 1. gr., til fæðingar- og foreldraorlofs fellur niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs. Sama gildir um rétt foreldra, sbr. 2. mgr. 1. gr., til greiðslu fæðingarstyrks.

Í tilvikum skv. 1. mgr. skulu kynforeldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sameiginlegan rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofi eftir fæðingu barns. Þá eiga foreldrar, sbr. 2. mgr. 1. gr., sameiginlega rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði eftir fæðingu barns.

Ef annað foreldrið tekur hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs skv. 2. mgr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

33. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Foreldri sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks, greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða foreldraorlofs samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur slysdagpeninga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur orlofslauna ~~eða greiðslna vegna starfsloka~~ getur ekki nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um.

Foreldri sem nýtur greiðslna vegna starfsloka, þar með talið orlofslauna, getur ekki nýtt rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um. Fá foreldri greidd orlofslaun vegna starfsloka á sama tíma og foreldrið fær fæðingarstyrk eða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skal foreldri tilkynna Vinnuálastofnun um umrædd orlofslaun þegar í stað sem og fyrir hvaða tímabil orlofslaunin eru ætluð og er þá við það miðað að það verði fyrir lok næsta orlofstímabils þar á eftir, sbr. lög nr. 30/1987, um orlof. Á foreldri þá ekki rétt á fæðingarstyrk eða greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði fyrir sama tímabil og er þá litið svo á að fæðingarorlof foreldrisins frestist um þann tíma sé því ekki lokið og getur foreldrið sótt um breytingu á tilhögun fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks því til samræmis. Þrátt fyrir 2. málsl. skal móðir vera í fæðingarorlofi fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns, sbr. 3. mgr. 8. gr., og frestast fæðingarorlof móður þá eftir þann tíma. Að öðru leyti, svo sem hvað varðar aðrar greiðslur vegna starfsloka en orlofslaun, gildir 10. gr. 13. gr. eftir því sem við getur átt.

Greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sömu fæðingar og fyrir sama tímabil koma til frádráttar við greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. og greiðslu fæðingarstyrks skv. 18. og 19. gr.

33. gr. a.

Fjárnám óheimilt.

Óheimilt er að gera fjárnám í greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til foreldris. Þá er jafnframt óheimilt að taka greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

34. gr.

Milliríkjasamningar.

Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.

35. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. eiga foreldrar sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2017 og 2018, þrjú og hálfan mánuð hvort um sig vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2019 og fjóra mánuði hvort um sig vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2020.

Þrátt fyrir 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. eiga foreldrar sameiginlegan rétt til fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2017, 2018, 2019 og 2020.

Þrátt fyrir 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. öðlast foreldri rétt til fæðingarorlofs í allt að níu mánuði vegna barna sem fæðast á árunum 2017 og 2018, tíu mánuði vegna barna sem fæðast á árinu 2019 og ellefu mánuði vegna barns sem fæðast á árinu 2020 hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Hið sama á við um einhleypa móður sem hefur gengist undir tæknifrjóvgun eða einhleyppt foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

Ákvæði til bráðabirgða.

II.

Ráðherra skal skipa verkefnisstjórn, þar sem sæti eiga fulltúar frá ríki og sveitarfélögum, sem falið verður það hlutverk að vinna þarfagreiningu og í kjölfarið aðgerðaaætlun með það að markmiði að leita leiða, meðal annars hvað varðar fjármögnun, til að unnt verði að bjóða öllum börnum dvöl á leikskóla við tólf mánaða aldur frá og með 1. janúar 2021.

Breytingar á öðrum lögum.

Í frumvarpinu er síðan gert ráð fyrir breytingu á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alverlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, sbr. eftirfarandi:

11. gr.

Tilhögun greiðslna til foreldra á vinnumarkaði.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. og 3. mgr. 8. gr. sem er launamaður, sbr. d-lið 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða tímabil sem **Lýkurhefst** tveimur mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a-d-lið 2. mgr. 9. gr. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns skal þó taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.